

MENNING

Sannleikur um lífið og tímann

MYNDLIST

Listasafn Reykjanesbæjar

Aftur, Einar Falur Ingólfsson

Til 14. október. Opíð alla daga frá kl. 13.-17.30. Aðgangur ókeypis.

AFTUR; titillinn getur ekki annað en minnt á bók Marcel Proust sem Pétur Gunnarsson þýddi, *Í leit að glötuðum tíma*. Setningin lýsir inn-taki sýningar Einars Fals ljósmyndara í Listasafni Reykjanesbæjar. Viðfangsefni Einars er einmitt þetta samspil fortíðar og nútíðar, nútíðar sem á hverju augnabliki breytist í fortíð.

Aftur; þetta er tregafullur titill, óhjákvæmilega. Hvernig getur heimsókn á breyttar æskuslóðir verið öðruvísi? Fæstir óska sér að upplifa æsku sína aftur en syrgja hana þó, horfið sakleysi, horfið algleymi augnabliksins, meðvítund fullorðinsáranna um hverfuleika lífsins og sífelldar breytingar hefur tekið yfirhöndina. Roland Barthes hefur kannski haft áhrif á Einar Fal sem lagði stund á ljósmyndanám eitthvað um það bil á þeim tíma þegar kenningar hans voru í hávegum hafðar, en bók hans, *Roland Barthes par Roland Barth-*



Ljósmynd/Einar Falur Ingólfsson

Aftur Gatnamót Vatnsnesvegur og Hafnargötu, 2007.

es fjallar m.a. um ljósmyndir úr bernsku þar sem hann veltir fyrir sér hvað lifir í minningunni og hvernig. En Einar Falur segir ekki frá atriðum í eigin lífi heldur segir sýning hans margar sögur. Myndirnar eru allar teknar á þessu ári og sjónarhornið hefur yfirbragð skrásetningar. Rammarnir eru sérstakir og minna á kassa sem geyma safngrip, þeir fara vel við þann lestur sem Einar ætlar myndum

sínum. Í þeim dregur hann fram sjónræn atriði umhverfisins á borð við litadýrð málaðra veggja, en myndirnar einkennast einnig af jafnvægi, vissri fjarlægð, skerpu og kyrrð.

Sögurnar sem myndirnar segja eru jafn margar áhorfendum, en í forgrunni er líka saga sjávarþorps sem stundum virtist nær Ameríku en Reykjavík, „mótað af vindum og Ameríku“ eins og Jón Kalman Stef-

ánsson rithöfundur orðar það í innihaldsríkum formála að sýningunni. Þar sem töluð er sjarmerandi keflvíska og enn í dag get ég varla talað um Reykjanesbæ, nei, „Kebblaig“ heitir það.

Einar Falur segir ekki síst sögu áhorfandans sjálfs sem skáldar frjálsega í yfirlætislausu bakgarða, andlit unglingsáranna, eða augnatillit þeirra sem eitt sinn voru börn. Með liðinn tíma í huga eru blokkirnar í bakgrunni allt í einu eins og fótósjoppaðar inn á þorpsmyndina, Snæland vídeó út úr kú, Flennistór ísauglýsingin tilheyrir einnig nútímanum, en undir henni, bak við rúðuna: bambi, visun til bernsku. Veggurinn í gagnfræðaskólanum segir sína sögu og málað múrsteinamyntur gefur til kynna blekkingu, ekkert er eins og það virðist.

Sýningin er vandlega hugsuð og framsett frá upphafi til enda og nýtur sín vel í landfræðilegu og sögulegu samhengi, á tíma sem er tímamótatími í sögu bæjarfélagsins. Einar Falur kann þá list að segja mikla sögu án orða eða umbúnaðar, sannleik um lífið og tímann, sem ekki verður færður í orð.

Ragna Sigurðardóttir

Lúðra-sveitafönk af bestu sort

Tónlist

NASA
Jazzhátíð Reykjavíkur:
Stórsveit Samma, Jimi Tenor og Antibalas
★★★★☆

Laugardagskvöldið 1.9.

ÞAÐ er ótrúlegt að við skulum eiga tvær alvöru stórsveitir um þessar mundir og þó að margir í Stórsveit Samma Jagúars spili af og til með Stórsveit Reykjavíkur er aðeins um fjórðungur þar fastamenn. Það er skemmt frá því að segja að Stórsveit Samma blés af slíkum fitonskrafti að dauðir hefðu risið upp væru þeir grafnir undir sviðinu í NASA. Brassið var alveg geggjað, sér í lagi trompetarnir, og Óskar Guðjóns, Jóel Pálsson og Haukur Gröndal trylltu í sóluum sínum og hafði gesturinn, Jimi Tenor frá Finnlandi, ekkert í þá kapp að gera. Tónlistin var í bland eftir Samma og Jimi, sem var flottur er hann fékkst við raftól-in og söng samstiga með hljómborðsleik sínum. Mér segja fróðir menn að hann sé flottur í raftónlistinni en ekki er hann litríkur sem tenórísti. Ekki tók verra við eftir að Sammi og félagar luku leik sínum. Antibalas frá New York héldu uppi stuðinu fram eftir nóttu. Þetta eru fjórir blásarar og sjö manna hrynsveit, þar af söngvarinn Amayo. Parna var aldrei slegið af og færni sólistanna mikil – sér í lagi fannst mér básúneikarinn Aaron Johnson magnaður. Er er gaman að lífsgleðin skuli enn ríkja í djassinum, ekki síður en þegar Louis Jordan og Lionel Hampton og allt það gengi tryllti lýðinn.

Þessi djasshátíð er ein sú skemmtilegasta sem haldin hefur verið hérlandis og það má aldrei gleyma því að listin verður líka að gleðja. Framkvæmdastjórnin, Pétur Grétarsson, stóð sig eins og hetja við skipulagninguna og troðfullt var alls staða og þegar eitthvað smávægis vantaði upp á að listin væri fjögurra stjörnu bætti sjóvið og leikgleðin það margfalt upp.

Vernharður Linnet

Dansganga A frá Austurvelli

DANS

Reykjavík Dance Festival 2007

Sgwímsli: Margrét Bjarnadóttir og Saga Sigurðardóttir. Ég hef það fint takki!: Katla Þórarinsdóttir. Guerilla-improvisations: Damian Gmuere og Rita Aozane Bilibio.

Miðbær Reykjavíkur, laugardaginn 1. september 2007.

Í RIGNINGARSUDDANUM standa nokkrar hræður á Austurvelli í regnkápum að taka myndir af Alþingishúsinu. Síðan er Austurvöllur auður. Er klukkan nálgast fimm á föstudagseftirmiðdegi fjölgar á Austurvelli þar sem fólk hefur safnast saman til að fara í dansgöngu á vegum Reykjavík Dance Festival 2007. Val var á milli tveggja leiða og varð dansganga A fyrir valinu.

Gangan leiddi að helli einum við Ingólfstorg, þar sem tvö sgwímsli sátu sofandi í stól. Þetta er heimilislegur hellir, þar sem lampar varpa mjúkum hjarma á gula vegg. Búningar eru svolítið bangsalegir en virka mjúkir og hlýir. Lag fyrir lag hverfur ytra byrðið og hið innra með okkur verður sýnilegt. Verk þeirra Margrétar og Sögu hafði góða uppbyggingu og skýrt „concept“, jafnframt því sem verk þeirra var einlægt og þær trúverðugar í hlutverkum sínum.

Nú hélt gangan áfram og leið lá upp Bankastrætið, en í búðarglugga uppi á annarri hæð sat ung stúlka og beið. Samkvæmt dagskrá var dansverk Kötlu Þórarinsdóttir um þær ýmsu myndir sem ástin tekur á sig. En fyrir áhorfandann var eins og hún væri að biða, annaðhvort eftir einhverjum (ástinni) eða bara lífinu sjálfu. Verkið var ágætlega unnið, en sumir kaflar náðu

ekki athygli áhorfandans. Kannske vegna fjarlægðar dansarans við áhorfendur er stóðu í rigningunni og horfðu upp í gluggann.

Að lokum var gengið að Hressingarskálanum og sest inn í hlýjuna. Hugmynd Damians Gmuere og Ritu Aozane Bilibio var um tilraunasýningu þar sem áhorfendur samlöguðust gestum staðarins, sem svo blönduðust aftur dönsurum. Verkið var sett upp í ýmsa kafla sem sumir hverjir vöktu kátinu á meðal áhorfenda.

Það hafði stýtt upp er gengið var út eftir sýninguna. Þessi hugmynd að færa nútímadans nær almenningi með dansgöngu virkaði vel og undir hatti Reykjavík Dance Festival fengu þessir ungu danshöfundar tækifæri til að koma danssköpun sinni á framfæri. Það verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Margrét J. Gísladóttir

Haganlega ofnir þræðir

MYNDLIST

Listasafn ASÍ

Hildur Bjarnadóttir: Innifalið

Til 23. september. Opíð alla daga nema mán. frá kl. 13-17. Aðgangur ókeypis.

HILDUR Bjarnadóttir heldur sínu striki á sýningu sem nú stendur yfir í Listasafni ASÍ, þar sýnir hún í Arinstofu og Gryfju. Viðfangsefni hennar er líkt og á undanföllum árum togstreitan milli handverks og fagurlista, milli miðlægrar karllægrar listar aldanna og heimilisíðnaðar og handverks kvenna.

Þetta kemur skýrt fram í verkum Hildur í Arinstofu þar sem ofnir dúkar minna á viskustykki, nema efnið er handofið úr málarastriga og litasamsetningar líta annarri fagurfræði en þeirri sem ríkir í Rúmfatalagernum. Dúkarnir, – eða höggmyndirnar miðað við framsetningu þeirra, eru samanbrotnir og komið fyrir á stöplum en framsetningin er til þess ætluð að vekja athygli á aldagömlum skilgreiningum og viðhorfi til listaverka sem ekki hefur verið í takt við þróun innan myndlistar um alllangt skeið.

Í arinstofu er Hildur síðan á öllu ósýnilegri mörkum fagurlista og handverks og mætti túlka titil sýningarinnar, *Innifalið*, sem undirstrikun á þessu. Það mætti allt eins



Morgunblaðið/Sverrir

Dúkar „Framsetningin er til þess ætluð að vekja athygli á aldagömlum skilgreiningum og viðhorfi til listaverka,“ segir Ragna í umsögn sinni.

skilgreina veggverk hennar sem hefðbundinn vefnað, nema fyrir þá vitneskju að þau eru ofin úr málarastriga.

Hér kemur fram sama þema og hefur einkennt list Hildur um nokkurt skeið en sýningin gengur ágætlega upp þó að þeir sem þekki verk hennar sjái þar ekki beinlínis verk

sem koma á óvart. Listamenn sem þróa lista sína hægt og íhuga verk sín vel eru gulls ígildi, því hlýtur líka að vera mikilvægt að haga sýningarhaldi í samræmi við slík vinnubrögð og á það bæði við um stefnu sýningarsala og sýningarhald listamanna sjálfra.

Ragna Sigurðardóttir

Konur Goethes

TÓNLIST

Kirkjuhvoll

Einsöngstónleikar

★★★★☆

Verk eftir Beethoven, Mendelssohn, Schumann, Schubert, Liszt og Wolf. Rannveig Fríða Bragadóttir mezzosópran, Gerrit Schuil pianó. Laugardaginn 1. september kl. 17.

SAFNAÐARHEIMILI Vídalínskirkju í Garðabæ, Kirkjuhvoll (ekki að rugla við samneft fyrirtæki í Reykjavík), var umgjörð vel sóttra einsöngstónleika á laugardag. Fram komu mezzosópransöngkonan Rannveig Fríða Bragadóttir og hennar fagurfræðingurinn Gerrit Schuil. Rannveig hefur nú lengi verið búsett í Austurríki, og lék því nokkur forvitni um viðburðinn þar eð hún hefur ekki látið í sér heyra hérlandis síðan 2004, að því er best er vitad.

Dagskráin var að því leyti óvenjuleg að vera valin eftir ákveðnu þema. Það kom ekki fram af yfirskriftinni „Ljóðasöngvar á hausti“ heldur skrifum söngkonunnar í tónleikaskrá, „Konur í lífi og verkum skáldsins“, þ.e. J.W. von Goethes. Fóru hér m.ö.o. tónsetningar ofangetinna klassískra komponista á völdum ljóðum Goethes um konur, er sum hver áttu sér raunverulegar fyrirmyndir úr lífi hans, eins og fram kom af fróðlegri úttekta söngkonunnar.

Óneitanlega frumleg formúla, enda man ég ekki í svipinn eftir neinu samskonar lagavali tengdu þessu höf-

uðskáldi Þjóðverja fyrr á hérlandum söngpalli. Í því sambandi var þó óneitanlega leitt að geta ekki haft söngtextana fyrir sjónum svo bera mætti saman ólíka nálgun tónskáldanna, með því að heil 6 ljóð af 20 birtust í tveimur útgáfum – og eitt (*Freudvoll und leidvoll*) m.a.s. í þremur – jafnvel þótt inntak ljóðanna væri lauslega tilfært í tónleikaskrá.

Hinu hnitmiðaða efnisvali fylgdi óhjákvæmilega sá böggull skammrifi að þurfa að bregða birtu á ólíka meðferð tónskáldanna á sama texta. Og þar stóð hnífurinn í kúnni. Hvað fyrirmyndarfylginn pianóleik Gerrits varðar heyrðist mér fátt út á setjandi, enda voru höfundareinkenningin yfirleitt augljós og vel undirstrikuð í röggsumum en oftast þjáulum og blæbrigðaríkum leik hans. Öðru máli gegndi um sönginn, því að frátöldu *Freudvoll* ... Liszts og allheillandi túlkun á *Gretchen am Spinnrade* Schuberts fannst mér meðferðin í heild einum of keimlík.

Tilfinningaleg innlifun Rannveigar var að visu oft talsverð. En einsleit raddbeiting hennar, ásamt fullveiku brjóstsónsviði sem varð til að toppnótturnar skáru sig of mikið úr heildinni, verkaði hins vegar þreytandi til lengdar, jafnvel þótt undirtektir væru aftragðsgóðar. Þar virtust þó einkum eldri hlustendur eiga í hlut, og stemmir það á sinn hátt við hugboð mitt um að kröfur til m.a. víbratótemprunar hafi aukizt verulega í kjölfar vaxandi upphafsstefnu síðustu áratuga.

Ríkarður Ö. Pálsson